# Gátlisti

## vegna húsfélagaþjónustu - framkvæmdalán

Arion banki

☐ Svara þarf áreiðanleikakönnun, AML, fyrir húsfélagið. Hafi það ekki verið gert áður. Tilvísun í lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr.140/2018. Könnunina er hægt að nálgast í Þjónustuveri Arion banka sími 444-7000 eða í næsta útibúi bankans.

- ✓ Hægt er að fá könnunina senda á tölvupósti til að taka með á húsfund.
- ✓ Áður en AML er samþykkt á húsfélagið þarf gjaldkeri að vera búinn að skanna löggild skilríki, ökuskírteini eða vegabréf, hafi það ekki verið gert áður. Hægt er að sanna á sér deili með rafrænum skilríkjum á heimasíðu bankans. Hægt er að fá nánari upplýsingar í Þjónustuveri Arion banka.

☐ Húsfélagið þarf að skila inn eftirfarandi gögnum:

- ✓ Kostnaðaráætlun vegna framkvæmdanna
- ✓ Samþykki húsfélagsfundar ásamt frumriti af fundargerð, undirritaðri af fundarstjóra og að minnsta kosti einum fundarmanni, þar sem fram kemur að:
  - Lántakan var rædd
  - Til fundarins hafi verið boðað á löglegan hátt
  - Ákvörðun um fyrirhugaða lántöku hafi verið tekin
- ✓ Meirihluti eigenda (2/3 hluti miðað við fjölda og eignarhluta) þarf að undirrita eyðublaðið: ***Yfirlýsingu vegna lántöku***, þar sem þeir staðfesta löglega fundarboðun og ákvörðun um lántöku.
  - Athugið vel að allir eigendur bera persónulega ábyrgð, einn fyrir alla og allir fyrir einn.
  - Yfirlýsingunni þarf að skila til bankans innan þriggja mánaða frá undirritun.
- ✓ Við stærri framkvæmdir er nauðsynlegt að húsfélag hafi eftirlitsaðila sem fylgist með verkframkvæmdum og skrifi upp á reikninga verktaka eftir að úttekt hafi farið fram á einstökum verkhlutum eða við

☐ Eyðublöð varðandi Húsfélagaþjónustuna er hægt að nálgast á heimasíðu Arion banka